

GJALDSKRÁ

Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

1. gr.

Táknmálskennsla.

Fyrir táknmálskennslu skal innheimta eftirfarandi:	kr.
a. Almenn táknmálsnámskeið, einstaklingar (20 kennslustundir, ásamt námsefni)	16.640
b. Almenn táknmálsnámskeið, hópar (20 kennslustundir, ásamt námsefni)	128.000
c. Námskeið á framhaldsskólastigi (1 eining)	179.200
d. Námskeið í grunnskóla (30 kennslustundir)	179.200

Fyrir námskeið af annarri lengd skal innheimta hlutfallslega miðað við stundafjölda. Fjölskyldur heyrnarlausra barna skulu þó undanþegnar greiðslu námskeiðsgjálfa.

Í gjaldi táknmálskennslu er gert ráð fyrir því að hlutfall kennslukostnaðar sé 70%, hlutfall húsnæðis- og tækjakostnaðar 10%, hlutfall annars rekstrar og stjórnun 20%. Heimilt er að veita hlutfallslegan afslátt af námskeiðsgjöldum í samræmi við framangreinda sundurliðun, allt að 20%, þegar aðrir aðilar leggja til húsnæði, tæki og umsjón vegna námskeiðs.

Um táknmálskennslu á háskólastigi skal gera sérstakan samning milli Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, og viðkomandi háskólastofnunar, um greiðslur fyrir vinnu við kennslu. Innheimta skal kr. 3.417,60 fyrir hverja vinnustund samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Ráðgjöf, túlkun og greining.

Fyrir útselda vinnu sérfræðings skal innheimta eftirfarandi:	kr.
a. Almenn ráðgjöf og túlkun, tímagjald	6.989
b. Fyrirlestur, af fyrirlestraskrá	13.670
c. Fyrirlestur, sérstaklega undirbúinn	27.341
d. Rannsókn, greining og þýðing, tímagjald	3.418

Lágmarksgjald vegna túlkunar er sem nemur einni klukkustund. Innheimta skal fyrir hvern byrjaðan hálftíma eftir það. Þegar veita þarf túlkapjónustu utan reglulegs skrifstofutíma Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra vegna óvæntra eða ófyrirséðra ástæðna eða atvika, skal innheimta tímagjald sem nemur þemur klukkustundum, að lágmarki.

Samskiptamiðstöð er heimilt að veita endurgjaldslausa túlkapjónustu vegna daglegs lífs og greiða ferðakostnað táknmálstúlks utan Reykjavíkurþáðisins vegna þess, á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert. Við afgreiðslu beiðna á grundvelli þessarar heimildar skal gætt jafnræðis milli notenda þjónustunnar, með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma.

3. gr.

Námsefni.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er heimilt að selja námsefni og myndbönd sem stofnunin útbýr. Skal söluverð taka mið af raunkostnaði við framleiðslu þess.

Nr. 959

25. nóvember 2009

4. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 129 frá 1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 647 frá 29. júní 2007.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 25. nóvember 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

Pórhallur Vilhjálmsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2009